

# Bændur og löggjafinn

Formannafundur aðildarfélaga BHS

18. nóvember 2010

Eliás Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur



Bændasamtök  
Íslands

# Elías Blöndal Guðjónsson

- ML próf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2010
- BA próf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2008.
- Stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 2003.
- Hef áður starfað hjá Sjóvá Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og LEX lögmannsstofu.
- Hóf störf hjá Bændasamtökunum í apríl 2010.

# Hvað gerir lögfræðingur Bændasamtakanna?

- Bændasamtökin eru málsvari bænda.
- Gæta hagsmuna bænda.
- Hagsmunir bænda og snertifletir við lögfræði.
- Snertir nánast öll svið lögfræðinnar; fasteignir og önnur eignarréttindi, samningagerð, skaðabótaréttur o.s.frv.
- Veitir lögfræðilega ráðgjöf til félagsmanna í BÍ, búgreinafélaha og búnaðarsambanda.



# Yfirlit fyrirlestrar

1. Búnaðargjald.
2. Lánamál.
3. Eignarhald náttúruauðlinda.
4. Stjórnlagaping.



# Búnaðargjald

## Almennt

- Allir búvöruframleiðendur skyldaðir til að greiða sérstakt gjald sem nemur nú 1,2% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Gjaldið nefnist búnaðargjald.
- Gjaldið rennur til Bændasamtakanna, búnaðarsambanda, búgreinafélaga og Bjargráðasjóðs.
- Álagning fer fram með álagningu opinberra gjalda.
- Lögskýringagögn veita takmarkaðar upplýsingar um hvernig á að ráðstafa gjaldinu.
- Ekki gerðar kröfur til framleiðanda búvöru til félagsaðildar en greiðsluskyldan felur í sér þvingun til aðildar.



Bændasamtök  
Íslands

# Búnaðargjald

## Ferill við endurskoðun

- Dómar Hæstaréttar frá 17. desember 1998 og frá 20. desember 2005 í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu um lögmæti iðnaðarmálagjalds.
- Skýrsla starfshóps á vegum forsætisráðuneytisins frá árinu 2006.
- Ályktun Búnaðarpings frá árinu 2009.
- Ályktun Búnaðarpings frá árinu 2010.
- Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu frá apríl 2010.
- Fyrirspurn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá júlí 2010.
- Dómur Hæstaréttar frá 18. október 2010 í máli Víkurvers ehf. gegn Landssambandi smábátaeigenda o.fl. um lögmæti ákvæða laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.



# Iðnaðarmálagjald

Dómar Hæstaréttar í málum nr. 166/1998 og 315/2005.

- Dómur Hæstaréttar frá 17. desember 1998 í máli nr. 166/1998 í um lögmæti iðnaðarmálagjalds.
- Haldið fram að með því að áfrýjanda hafi verið gert að greiða iðnaðarmálagjald skv. lögum nr. 134/1993, sem rynni beint til SI, væri h ann þvingaður til aðildar að samtökunum og bryti það í bága við 74. gr. stjórnarskrárinnar.
- Álagningin ekki talin brjóta í bága við félagafrelsisákvæði stjórnarskrár.
- Svipuð niðurstaða í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu.



Bændasamtök  
Íslands

# Búnaðargjald

## Skýrsla starfshóps á vegum forsætisráðuneytis

- **Búgreinafélög** – Kveðið á um tilvist þeirra í búnaðarlögum en að öðru leyti hlutast löggjafinn ekki til um starfsemi þeirra. Engin ákvæði í lögum um ráðstöfun gjaldsins. Réttmætur vafi uppi um hvort standist 74. gr. stjórnarskrárinnar skv. skýrslu starfshóps.
- **Búnaðarsambönd** – Mælt fyrir um hlutverk þeirra í búnaðarlögum. Starfshópur telur ekki þörf á sérstökum lagabreytingum því „*búnaðarsamböndin sinna ekki neinu öðru heldur en lögbundnu hlutverki*”.
- **Bændasamtökin** – Viðamikið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk. Ekki ákvæði um hvernig ber að ráðstafa gjaldinu. Bí sinna einnig hagsmunagæslu. Þörf á að skoða betur hvernig haga megi löggjöf þannig að fyrirkomulag standist 74. gr. stjórnarskrárinnar.



Bændasamtök  
Íslands



# Búnaðargjald

## Ályktanir Búnaðarþings

- Ályktun Búnaðarþings 2009.
  - Búnaðarþing 2009 samþykkir að endurskoða innheimtu búnaðargjalds með það að markmiði að lækka búnaðargjald.
- Ályktun Búnaðarþings 2010.
  - Búnaðarþing 2010 samþykkir að endurskoða innheimtu búnaðargjalds.



Bændasamtök  
Íslands

# Iðnaðarmálagjald

## Dómur MDE í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu

- Uppkveðinn í apríl 2010.
- Dómstóllinn taldi að álagning iðnaðarmálagjalds fæli í sér takmörkun á rétti Varðar skv. 11. gr. MSE og 74. gr. stjórnarskrárinnar.
- Dómstóllinn kannaði hvort réttlæta mætti takmörkunina með vísan til 2. mgr. 11. gr. MSE.
  - Lagaheimild?
  - Réttmætt markmið?
  - Nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi?



# Lönaðarmálagjald

## Dómur MDE í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu

- Dómstóllinn átaldi hins vegar þrennt.
  - Skilgreining laganna á því hvernig gjaldinu skyldi varið of opin og óljós og mæli ekki fyrir um neinar skyldur SI gagnvart þeim sem ekki eru aðilar að samtökunum.
  - Gjaldið ekki nægjanlega skýrt aðgreint frá fjárreiðum samtakanna þannig að tryggt sé að það verði ekki nýtt í sérþágu samtakanna.
  - Opinbert eftirlit með því hvernig gjaldinu er varið ekki nægjanlega skýrt eða skilvirkt og engar skorður settar við því hvernig samtökin nýta það.
- Skortur var á gagnsæjum reglum um nýtingu gjaldsins gagnvart þeim sem ekki eru aðilar í samtökunum.

# Fyrirspurn ráðuneytis

## um ráðstöfun og meðferð búnaðargjalds

- Bréf frá ráðuneyti barst í sumar.
  - Bændasamtökin öfluðu upplýsinga frá búgreinafélögum og búnaðarsamböndum.
- Vinna við frumvarp til breytinga á lögum um búnaðargjald í gangi í ráðuneytinu.
  - Er á lista yfir þingmál ríkisstjórnarinnar á haustþingi.



Bændasamtök  
Íslands

# Greiðslumiðlunargjald

Dómur Hæstaréttar frá 18. október 2010.

- Framleiðendum sjávarafurða gert að greiða 8,4% af hráefnisverði afla inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning. 6% fjárhæðarinnar renna til Landssambands smábátæigenda.
- Víkurver var ekki félagsmaður í Landssambandi smábátæigenda en gerði út smábáta og féll þannig undir greiðsluskyldu.
- Ekki aðildarskylda en greiðsluskylda.
- „Eignarréttindi V skert til hagsbóta fyrir félag sem hann vildi standa utan við.“
- Lagaheimild, lögmætt hlutverk og nauðsyn?



Bændasamtök  
Íslands

# Búnaðargjald

## Mögulegar leiðir til úrbóta

- Afnáam greiðsluskyldu.
- Nánari útfærsla á því í lögum hvernig gjaldinu skuli varið og hvernig eftirliti skuli háttað.
- Nefnd um búnaðargjald starfar enn. Hlutverk hennar að kanna leiðir til þess að lækka búnaðargjald. Erfitt á meðan ekkert liggur fyrir um lögmæti álagningarinnar eða hvers efnis lagabreytingar verða.
- Vinna í gangi í ráðuneyti. Ekki vitað á þessu stigi hvað kemur út úr þeirri vinnu.



Bændasamtök  
Íslands

# Lánamál bænda

- Úrlausnir banka.
- Greiðsluaðlögun.
- Gengislán – Gengisfrumvarp.
- Sérstaða bænda
- Jarðaverð.
- Ráðgjöf Bændasamtakanna.



Bændasamtök  
Íslands

# Eignarréttur og auðlindir

## Snertifletir við hagsmuni bænda

- Hvaða lög skera úr um eignarrétt á náttúruauðlindum?
  - Vatnalög nr. 15/1923 (Nýtt frumvarp liggur fyrir)
  - Lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.
  - Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994.
  - Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
  - Lög um þjóðlendur nr. 58/1998.
  - Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.
  - Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.
  - Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990.
- Hver getur átt náttúruauðlindir?
  - Einstaklingur
  - Lögpersóna
  - Sveitarfélag
  - Ríkið
  - Þjóðin?



Bændasamtök  
Íslands



# Hugtakið eignarréttur

## Jákvæð og neikvæð skilgreining

- Eignarréttarákvæði stjórnarskrár efnislega óbreytt frá 1874. Á sér enn lengri sögu.
- Í upphafi talið að stjórnarskrárverndin takmarkaðist við hlutbundin réttindi.
- Hins vegar viðurkennt nú að með orðinu „eign” í 72. gr. stjkskr. Er líka átt við önnur réttindi, t.d. afnotaréttindi.
- Eldri danskir fræðimenn studdust við **jákvæða skilgreiningu**. Þannig taldar upp þær heimildir sem í eignarrétti fælust.
- Eignarréttur skilgreindur með **neikvæðum hætti** í síðari tíma lögfræði. Einkaréttur ákveðins aðila til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum annarra.



# Hugtakið eignarréttur

- Dæmi úr lagasetningu sem sýnir að íslensk réttarskipun byggir á því grundvallarsjónarmiði að á bak við eignarrétt búi heimildir til hvers konar nýtingar og ráðstafana.
  - Í **veiðitilskipun frá 1849** segir: „Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði, nema öðru vísi sé ákveðið í tilskipun þessari.”
  - Í **veiðilögum** segir að landeigendum einum séu heimil dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.
  - Í **lax og sil** segir að landeiganda sé einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðru vísi mælt í lögum.
  - Í brottföllnum **námulögum** sagði að landareign hverri sem háð væri einkareignarrétti, fylgdi réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar er að finna í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum sem lög in tilgreindu.
  - Í **auðlindalögum** segir m.a. Að eignarland merki í lögnum landsvæði sem sé háð einkareignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þá segir einnig að eignarlandi fylgdi eignarréttur að auðlindum í jörðu en í þjóðlendum séu auðlindir í jörðu eign ríkisins.
  - Í **þjóðlendulögum** segir að eignarland sé landsvæði sem sé háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.



# Hugtakið eignarréttur

- Hins vegar eru til dæmi um að í lögum sé á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um það hvað í tilteknum heimildum eignaréttar felist.
  - Í vatnalögum nr. 15/1923 segir að landareign fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lögin heimila. Síðan er kveðið á um allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þ.m.t. réttur til orkuvinnslu.
- Jákvæð skilgreining oftast of viðamikil og að líkindum aldrei tæmandi og því ófullkomin.
- Lagaákvæði endurspeglar viðhorf að eignarréttur feli í sér mjög víðtækan rétt og að baki þessum rétti búi almennt heimildir til hvers konar umráða og ráðstafana nema sérstakar takmarkanir séu gerðar.



# Hugtakið eignarréttur

## Takmarkanir

- Í neikvæðri skilgreiningu kemur fram að eignarréttur geti sætt ýmsum takmörkunum.
- Tvenns konar takmarkanir.
  - Einkaréttarlegar
    - Takmarkanir sem eigandi sjálfur stofnar til. T.d. afnota- og veðréttindi.
  - Takmarkanir sem leiða af ákvæðum laga
    - Annars vegar takmarkanir á hagnýtingu eignar.
      - T.d. 10. gr. vatnalaga þar sem segir að landeiganda sé óheimilt að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið skv. matsgerð til varnar því landi eða landsnyttjum. Þá má heldur ekki breyta farvegi þess vatnssem frá jarðhitasvæði rennur.
      - Í 17. gr. auðlindalaga segir að við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.
    - Hins vegar takmarkanir á ráðstöfun eignar
      - Í jarðalögum segir að hlunnindi sem fylgja jörð séu eign jarðareiganda og að ekki megi skilja hlunnindi frá jörð nema undantekningar séu gerðar í lögum.
      - Í veiðitilskipun segir að ekki megi aðskilja veiðirétt og lóð.
      - Í lax og sil segir að ekki megi skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó annan en stangveiðirétt en hann má skilja frá um tiltekið tímabil.
      - Í veiðilögum segir að ekki megi skilja rétt til veiða frá landareign fyrir fullt og allt en leyfilegt er að skilja rétt til veiða frá um tiltekið tímabil.



# Almannaréttur, umgengni og útivist

- Einn hluti náttúruverndar er svokölluð félagsleg náttúruvernd en með því er átt við að almenningur eigi þess kost að njóta náttúrunnar.
- Í III. kafla laga um náttúruvernd er að finna almennar leiðbeiningarreglur um rétt manna til umferðar og dvalar þar. Reglur rýmkaðar frá því sem áður var.
- Hins vegar einnig kveðið á um skyldu manna til að virða hagsmuni forráðamanna lands og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum.
- Umferð gangandi manna
- Heimild til að tjalda
- Skipulagðar hópferðir
- Girðingar
- Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.



# Hagnýting auðlinda í eignarlöndum

- Hvað felst í eignarráðum yfir náttúruauðlindum?
  - Eigandi hefur heimild til hvers konar ráðstöfunar og nýtingar eignarinnar innan þeirra marka sem lög kveða á um.
    - Bygginga- og skipulagslög, orkulög, raforkulög, vegalög, auðlindalög, jarðalög, náttúruverndarlög. Samningar og nábýlissjónarmið.
  - Eignarráð fasteignareiganda undir yfirborði jarðar og yfir því.
    - Í 3. gr. auðlindalaga kemur fram að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu.
    - Engin ákvæði í lögum um takmörkun þessa réttis upp og niður á við. Almennt talið að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er til þess að landeigandi geti haft not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti.

# Hagnýting auðlinda í eignarlöndum

- Almennar reglur um nýtingu auðlinda.
  - Í höndum landeiganda
  - Leit að auðlindum
  - Nýting auðlinda
  - Aðrir en landeigandi mega rannsaka og nýta.
  - Eignarnám



Bændasamtök  
Íslands

# Hagnýting auðlinda í eignarlöndum

- **Jarðefni**

- Námuréttindi hluti af eignarréttindum landeiganda.
- Almenna reglan er að nýting er háð leyfi ráðherra. Á þó ekki við um öll jarðefni.

- **Jarðhiti**

- Hluti af eignarréttindum landeiganda.
- Má nýta allt að 3,5 MW til heimilis eða búsparfa.
- Annað háð leyfi ráðherra, sbr. 6. og 7. gr. auðll.

- **Grunnvatn**

- Sérákvæði í VII. kafla auðlindalaga.
- Má nýta grunnvatn til heimilis eða búsparfa allt að 70 ltr./sek.
- Annað háð leyfi ráðherra, sbr. 6. og 7. gr. auðll.



# Hagnýting auðlinda í eignarlöndum

- **Vatnsréttindi**

- Landeigendur eiga einir rétt til að hagnýta orku vatna sem um landareignir rennur, sbr. vatnalög.
- Eignarnámsheimildir.



# Hagnýting veiðiréttinda

- **Veiði á landi í einkaeign**
  - 2. mgr. 8. gr. veiðilaga. Landeigendum einum heimilar dýra- og fuglaveiðar.
  - 1. og 3. gr. veiðitilskipunar.
- **Veiði innan netlaga stöðuvatns**
  - 2. mgr. 8. gr. veiðilaga. Landeigendum einum heimilar dýra- og fuglaveiðar.
  - 1. og 3. gr. veiðitilskipunar, sbr. 4. gr. vatnalaga.
  - 2. gr., sbr. 1. tl. 4. gr. lax og sil.
- **Veiði í straumvatni**
  - 6. mgr. 8. gr. veiðilaga. Landeigendum einum heimil veiði.
  - 1. gr. veiðitilskipunar, sbr. 3. gr. vatnalaga.
  - 6. gr. lax og sil, sbr. 3. gr. vatnalaga.

# Hagnýting veiðiréttinda

- **Veiði innan netlaga sjávar**
  - 3. gr. veiðitilskipunar. Landeigendur.
  - 14. og 15. gr. lax og sil. Landeigendur.
- **Undantekningar frá einkarétti landeiganda til veiða.**
  - 14. gr. veiðilaga.
  - Veiðiréttur fylgir með í leigu lands.
  - Landeigandi þarf að þola veiða tiltekinna dýra á landi sínu, sbr. 2. mgr. 12. gr., sbr. 7. gr. veiðilaga.
  - Skylda landeiganda til þátttöku í veiðifélagi.
  - Friðunarákvæði veiðilaga.



Bændasamtök  
Íslands

# Hagnýting veiðiréttinda

- **Veiðiréttur í almenningum stöðuvatna**
  - 6. mgr. 8. gr. veiðilaga. Landeigendur.
  - 6. gr. lax og sil. Landeigendur.
- **Veiðiréttur á afréttum**
  - 8. gr. veiðilaga. Íslenskir ríkisborgarar og erl. með lögheimili á Íslandi.
  - 5. gr., sbr. 7. gr. lax og sil. Búendur sem eiga rétt til upprekstrar.
- **Þjóðlendur**
  - 8. gr. veiðilaga. Íslenskir ríkisborgarar og erl. með lögheimili á Íslandi.

# Þjóðlendumur

- Lög nr. 58/1998 um þjóðlendumur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendumna og afrétta.

## 1. gr. Í lögum þessum merkir:

**Eignarland:** Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

**Þjóðlendumna:** Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

**Afréttur:** Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

- Horfið frá því með setningu þjóðlendumulaga að nota hugtökin afréttur og almenningur sem lýsingu á formi eignarhalds. Þess í stað tekið upp hugtakið þjóðlendumna sem tekur til allra landsvæða utan eignarlanda þó einstaklingar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.



# Þjóðlendumur

- **Meginatriði þjóðlendlaga.**
  - Eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, almenninga og afrétti.
  - Hugtakið afréttur ekki lengur notað sem lýsing á eignarformi heldur lýsing á afnotaréttindum.
  - Tekið upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þ.e. hugtakið þjóðlenda.
  - Lýst yfir með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og hlunninda í þjóðlendum.
  - Ekki raskað við réttindum þeirra sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not.



# Þjóðlendumur

## Heimildir til nýtingar lands og landsréttinda í þjóðlendumur

- Meginreglan er að enginn má hafa afnot af þjóðlendumur fyrir sjálfan sig, nema að fengnu leyfi forsætisráðherra eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
- Þótt þjóðlendumur séu sagðar eign ríkisins er byggt á því að ekki beri að fara með þjóðlendumur eins og aðrar eignir ríkisins heldur fari ríkið með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar þó þannig að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra.
- Áunnin réttindi, sbr. 5. gr. þjóðlendumurlaga, verður að telja varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr. hennar.



Bændasamtök  
Íslands

# Þjóðlendumur

## Heimildir til nýtingar lands og landsréttinda í þjóðlendumur

- 5. gr. þjóðlendumur: „Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendumur sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.  
Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.



Bændasamtök  
Íslands



# Afréttir

- Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið ntoað til sumarbeitar fyrir búfé.
- Ekki form að eignarhaldi heldur lýsing á ákveðnum afnotaréttindum.
- Vatnsréttindi fylgja ekki afréttareign.
- Fyrst og fremst beitarréttur og veiðiréttur.



Bændasamtök  
Íslands

# Stjórnlagaping

- Ætlað að endurskoða stjórnarskrá.
- 25-31 þingmaður.
- Ráðgefandi.
- Ferill.
  - Þjóðfundur.
  - Stjórnlaganefnd.
  - Stjórnlagaping.
  - Samþykkt frumvarp sent Alþingi
  - Alþingi samþykkir?
  - Þing rofið og kosningar haldanr
  - Alþingi samþykkir aftur.



# Stjórnlagaping

## Kosningar

- Laugardaginn 27. nóvember 2010.
- 522 í framboði.
- Kynning á frambjóðendum á kosning.is og í blaði sem sent hefur verið til kjósenda.
- Notast við auðkennistölur.
- 1-25 frambjóðendum raðað á kjörseðil.
- Ekki svo flókið. Undirbúa sig með því að nota hjálparkjörseðil.



# Takk fyrir!



Bændasamtök  
Íslands